

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokun sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Tvístefnuakstur verður á Skipagötu milli Kaupvangsstrætis og Strandgötu og skal umferð um Skipagötuna njóta aðalbrautarréttar á milli áður nefndra gatna. Jafnframt eru bifreiðastöður bannaðar beggja vegna á Skipagötu, nema vestan götunnar við Ráðhústorg.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 26. september 1983.

Eliás I. Eliasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

1. gr.

Við lista B á fylgiskjali I (efni, sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og jafnframt eru eftirritunarskyld) bætist.

B. 22 Buprenorphinum INN

Efni merkt B. 22 verði B. 23 o. s. frv.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1983.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.